

Alþingi  
Erindi nr. P 140/2183  
komudagur 8.5.2012

## Athugasemdir vegna Rammaáætlunar

kalli@mmedia.is [kalli@mmedia.is]

Sent: 8. maí 2012 22:03

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

---

Ég undirritaður, Karl Jóhannsson, er mótfallinn því að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og tel að það eigi frekar heima í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni við höfuðborgina og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Einnig má geta þess að mikill fjöldi ferðamanna kom á svæðið síðastliðið sumar (um 120 þús.).

Það er einfaldlega rangt – ef ekki galið – að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði á tímum þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt er að ferðast um langan veg til að njóta óspilltrar náttúru. Náttúruvæði í nágrenni við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari en einmitt nú.

Eldvörp ættu einnig skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess má ekki undir nokkrum kringumstæðum hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Virðingarfyllst,

Karl Jóhannsson (kt. 250458-4019)  
Leiðsögumaður  
Víkúras 1  
110 Reykjavík